



## Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Miðvikudaginn 4. apríl 2007

Fundur er haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar miðvikudaginn 4. apríl, 2007, kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Þorgils Magnússon formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Ragnar Ingi Tómasson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá og afgreiðslur:

**1. Umsókn um stöðuleyfi fyrir gám.**

Guðmundur Erlingsson sækir um stöðuleyfi fyrir gám á hafnarsvæðinu.

**Afgreiðsla:** Leyfi veitt til eins árs. Staðsetning sé í samráði við Tæknideild.

**2. Rarik sækir um leyfi til lagningar stofnæðar frá Reykjum og lóð undir dælustöð.**

**Afgreiðsla:** Nefndin samþykkir lagnaleiðina fyrir sitt leyti og felur byggingafulltrúa og Tæknideild að vinna að nánari útfærslu í samvinnu við Rarik og skipulagsyfirvöld. Þá er nefndin jákvæð gagnvart staðsetningu tengihúss í bakka við Blöndubru endá er um að ræða stofnanasvæði í skipulagi, er nær niður að göngustíg. Byggingafulltrúa er falið að ganga frá lóðablaði í samráði við stjórn HSB og framkvæmdaaðila.

**3. Erindi frá Veidifélagi Blöndu og Svartár vegna aðgengis að veiðisvæði Blöndu.**

**Afgreiðsla:** Í gildi er aðalskipulag þar sem þessi svæði við Blöndu eru merkt sem óbyggð svæði sem hefur náttúruverndargildi. Nefndin óskar því eftir neðanskráðum gögnum áður en leyfi er veitt.

a) Afstöðumynd er sýni afstöðu stíga, stiga og stigapalla.

b) Leitað sé samþykkis minjavarðar.

c) Sérupprættir er sýni útfærslu stiga, handriða og stigapalla samkvæmt byggingarreglugerð nr. 441/1998

**4. Lárus B. Jónsson sækir um leyfi til að byggja sólpall við Hnjúkabyggð 4.**

**Afgreiðsla:** Nefndin samþykkir umsóknina með því skilyrði að skilað verði skriflegu samþykki annarra eigenda hússins.

**5. Kvennaskólinn á Blönduósi.**

Byggingafulltrúi leggur fram bréf frá Hjalta Sigmundssyni hjá Línuhönnun um áætlaðar framkvæmdir.

**Afgreiðsla:** Erindi fram til kynningar.

**6. Fjölskyldugarður, deiliskipulagstillaga.**

**Afgreiðsla:** Nefndin bendir á að vegtenging gegnt innkeyrslu HSB samkvæmt tillögunni fellur ekki að aðalskipulagi. Einnig er bent á að bílastæðum skuli fundinn staður innan skipulagssvæðis. Erindinu er því vísað til umsóknaraðila til nánari útfærslu.

**7. Mýrarbraut 15 – 17, beiðni um breytingu á nýtingu lóðar, samkvæmt**

meðfylgjandi erindi. Lóð sé breytt úr stofnana og leiksvæði í íbúðarhússvæði.

**Afgreiðsla:** Nefndin samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi, en þar



er lagt til að lóðinni verði skipt upp í tvær íbúðarlóðir. Nefndin leggur til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði auglýst. Erindi lóðarhafa er samþykkt með fyrirvara um skriflega yfirlýsingu um kvaðalaus afhendingu lóðar nr. 15 og staðfestingu aðalskipulags.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30

F.h. byggingafulltrúa, Eyjólfur Þórarinnsson (sign.)  
Andrés I. Leifsson (sign.)  
Sigurður Jóhannesson (sign.)  
Þorgils Magnússon (sign.)  
Guðmundur Karl Ellertsson (sign.)

Ragnar Ingi Tómasson (sign.)